

Hvammstangi 27. desember 2011

Innanríkisráðuneytið
b.t. Hermanns Sæmundssonar
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík.

Varðar: Tillögu að breyttri umdæmaskipan sýslumanna og lögreglustjórn.

Með vísan til tölvupóstbréfs Innanríkisráðuneytisins dags. 27. desember 2011 þar sem lögð er fram tillaga um breytta umdæmaskipan sýslumanna og lögreglustjórn í kjölfar sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra vill sveitarstjórn Húnaþings vestra koma eftirfarandi á framfæri:

Sveitarstjórn Húnaþings vestra mælir með því að tillaga Innanríkisráðuneytisins um breytta umdæmaskipan og lögreglustjórn verði samþykkt þ.e. að samhliða sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra verði sú breyting gerð að stjórnarsýsla og lögreglustjórn í hinu sameinaða sveitarfélagi heyri undir sama sýslumannsembætti.

Af þessu sama tilefni vill sveitarstjórn Húnaþings vestra jafnframt leggja til breytingu á heiti embættisins þ.e. að heiti þess verði „*Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslum*“ í stað „*Sýslumaðurinn á Blönduósi*“. Þá vill sveitarstjórn Húnaþings vestra einnig benda á nauðsyn þess að samhliða ofangreindri breytingu umdæma sýslumanna og lögreglustjórnar verði sú krafa gerð til embættisins að í Húnaþingi vestra verði föst viðvera lögreglumanna alla daga allt árið um kring ásamt fastri viðveru sýslufulltrúa.

Megin rök fyrir ofangreindum óskum sveitarstjórnar Húnaþings vestra er að við stækkun embættisins endurspegli nýtt heiti betur allt það svæði er sýslumanni er ætlað að þjónusta auk þess sem Húnaþing vestra er langfjölmennasta sveitarfélagið og það landstærsta í umdæmi sýslumanns og því eðlileg og sjálfsögð krafa að þessar breytingar taki gildi á sama tíma og sameining sveitarfélaganna.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.